

Þorrablót

Stúdentafélagsins á Akureyri

laugardaginn 18. febrúar 1950.

GAUDEAMUS.

∴ Gaudeamus igitur
juvenes dum sumus, ∴
post jucundam juventutem,
post molestam senectutem
∴ nos habebit humus. ∴

NÚ ER FROST Á FRÓNI.

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð;
kveður kuldaljóð
Kári' í jötunmóð;
yfir laxalóni
liggur klakapil;
hlær við hriðarbyl
hamragil.
Mararbára blá
brotnar, þung og há,
unnarsteinum á
yglð og grett á brá;
yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn;
harmar hlutinu sinn
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
„Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin. —
Nú er hann enn á norðan,
næðir kuldaél
yfir móa' og mel
myrkt sem hel.“
Bóndans býli á
björtum þeytir snjá;
hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hringaskorðan
huggar manninn trautt;
brátt er búrið autt,
búið snautt.

Þögull Þorri heyrir
þetta harmakvein,
en gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær

TILHÖGUN:

*

I. BORÐHALD.

MENU:

*Hangikjöt, kartöflur, grænar baunir, harðfiskur,
flatbrauð, smjör og flot. Öl, gasdrykkir, mjólk.*

Einnig fást keypt létt vín, brennivín, ákavíti,
koniak og whisky.

UNDIR BORÐUM:

1. Samsöngur:
Gaudeamus.
2. Át og drykkja.
3. Minni Þorra.
4. Samsöngur:
Nú er frost á Fróni.
5. Meira át og meiri drykkja.
6. Samsöngur:
Sjungom studentens lyckliga dag.
7. Minni Íslands.
8. Samsöngur:
Ó fögur er vor fösturjörð.
9. Enn meira át og enn meiri drykkja.
10. Minni kvenna.
11. Samsöngur:
Um aldamótin.
12. Samsöngur:
Þorrablótsbragur, sérprentaður.
13. Hnútur nagaðar, beinin brotin, mergurinn
soginn og glösin tæmd.
14. Samsöngur:
Það liggur svo makalaust ljómandi á mér.
15. Borðhaldi slitið. Kaffidrykkja.

II. DANS (ókeypis).

Veitingar fyrir eigin reikning.

*

Góða skemmtun!

Fagrar minningar um hófið!

og kalt við hlær:
„Bóndinn minn, þitt bú
betur stunda þú;
hugarhrelling sú,
er hart þér þjakar nú,
þá mun hverfa, en fleiri
höpp þér falla í skaut;
senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut.“

SJUNGOM STUDENTENS LYCKLIGA DAG.

Sjungom studentens lyckliga dag,
látom oss fröjdas í ungdomens vár!
Án klappar hjártat með friska slag
och den ljusnande framtid är vár.
Inga stormar än
í vårt sinne bo,
loppet är vár vän,
vi dess löften tro,
när vi knyta förbund i den lund,
... där de härliga lagrarna gro. :::

Hurra!

Ó FÖGUR ER VOR FÓSTURJÖRÐ.

Ó, fögur er vor fósturjörð
um fríða sumardaga,
er laufin grænu litka börð
og leikur hjörð í haga,
en dalur lyftir blárri brún
mót blíðum sólarloga
og glitrar flötur, glóir tún
og gyllir sunna voga.

Og vegleg jörð vor áa er
með ísi þakta tinda,
um heðrík kvöld að höfði sér
nær hnýtir gullna linda
og logagneistum stjórnur strá
um strindi hulið svellum,
en hoppa álfar hjarni á,
svo heyrir duna í fellum.

Þú fósturjörðin, fríð og kær,
sem feðra hlúir beinum
og lífið ungu frjóvi fær
hjá fornum bautasteinum.
Ó, blessuð vertu, fagra fold,
og fjöldinn þinna barna,
á meðan gróa grös í mold
og glóir nokkur stjarna.

UM ALDAMÓTIN.

Um aldamótin ekki neitt ég segi,
að einhvern tíma kæmi að þeim degi,
það hef ég aldrei efað, slíkt ei mér
kemur við.
Ég held mér væri heldur nær að hugsa'
um kvenfólkið.

Upp mín sál! Íslands fagra meyja!
Þína skál! Þótt ég ætti' að deyja!
Þína skál!

Eitt rif úr mannsins síðu, annað ekki,
en ekkert rif ég skemmtilegra þekki.
Og jafnvel þótt á rifinu hængi hangiket,
sem er þó ásamt þannum eitt það bezta,
sem ég ét.

Hvað er það, móti meyjar yndi?
Eins og tað, orðið þurrt í vindi,
eins og tað!

Það er ekki að undra, þótt vér hrösum
með ástarinnar gleraugu á nösum.
Vér lítum gegnum þau á þann ógnar
meyjasand,
en með berum augum ekki fyrr en eftir
hjónaband.

Gleraugun gaf hún oss hún Freyja,
með gleraugun vil ég lífa og deyja,
með gleraugun!

Á Sprengisandi fullvel um mig færi,
ef fögur snót og matur hjá mér væri,
en að húka í himnaríki og hafa enga þar,
— því englameyjar eru sjálfsagt allt of
saklausar.

Sakleysið, sízt má án þess vera,
en of mikið af öllu má þó gera,
of mikið!

ÞAÐ LIGGUR SVO MAKALAUST LJÓMANDI Á MÉR.

Það liggur svo makalaust ljómandi' á mér,
mér líkar svo vel, hvernig heimurinn er,
mér sýnist allt lífið svo ljómandi hjart
og langar að segja svo dæmalaust margt.
Hæ! dullía! dúllía etc.

Það skilst varla hjá mér eitt einasta orð,
mér allt sýnist hringsnúast; stólar og borð.
Minn hattur er týndur og horfið mitt úr.
Ég held ég sé kominn á sjóðandi túr.
Hæ! dullía! dúllía etc.

Samt líð ég hér áfram í indælisró,
í „algleyms“ dillandi „löngunarfró“.
Já, þetta er nú „algleymi“,
ef „algleymi“, er til,
því ekkert ég man eða veit eða skil.
Hæ! dullía! dúllía etc.

